

FUNDARBOÐ

262. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn í fundarsal að Digranesgötu 2, fimmtudaginn 13. mars 2025 og hefst kl. 16:00

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra.

2. 1912083 - Samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Bjargslandi

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 698: "Farið yfir stöðu vinnu við gatnagerð við Birkiklett í Borgarnesi.

Framlögð drög að viljayfirlýsingu milli Borgarbyggðar og Kaupfélags Borgfirðinga um lausn ágreinings um veglínu Birkiketts meðfram lóð kaupfélagsins við Egilsholt og skerðingu lóðarinnar vegna framkvæmdar við veglínuna. Í viljayfirlýsingunni felst að Borgarbyggð hyggst bæta KB skerðingu lóðarinnar með greiðslu kostnaðar vegna malbikunar á bílastæði vestanvert við húsnæði KB. Lausn ágreinings kemur í veg fyrir tafir við yfirstandandi framkvæmdir og stuðlar að því að umhverfi íbúðahverfisins verður íbúavænna.

Samþykkt samhljóða."

3. 2409326 - Fjölskyldunefnd Borgarbyggðar

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: "Byggðarráð samþykkir fyrir sitt leyti breytingar á samþykktum vegna stofnunar fjölskyldunefndar Borgarbyggðar og vísar þeim áfram til fyrri umræðu í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða."

4. 2406235 - Upplýsingatækniumhverfi Borgarbyggðar - úttekt

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 700: Framlagður samningur vegna úttektar á upplýsingatæknimálum fyrir Borgarbyggð.

Hlökkver Ingi Gunnarsson, sviðsstjóri fjölskyldusvið, og Þórunn Unnur Birgisdóttir, verkefnastjóri sitja fundinn undir þessum lið

Byggðarráð samþykkir samning við Delotte, dags. 12. febrúar 2025 fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að skrifa undir enda rúmast kostnaður vegna úttektarinnar innan fjárheimilda ársins.

Samþykkt samhljóða."

5. 2003205 - Notendaráð og samráðshópur í málefnum fatlaðs fólks

Þann 13.02.25 var haldinn kynningarfundur á notendaráði og í kjölfarið buðu sex einstaklingar sig fram. Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtök Þroskahjálpar hafa verið upplýst um tilnefningarnar. Þann 11.03.25 var lagt til kynningar hjá velferðarnefnd uppfært erindisbréf fyrir notendaráð í málefnum fatlaðra, með eftirfarandi bókun: Velferðarnefnd samþykkir þær breytingar sem lagðar eru til. Vísað til staðfestingar hjá sveitastjórn.

6. 1401005 - Reglur um fjárhagsaðstoð

Þann 11.03.25 voru kynntar uppfærðar reglur um fjárhagsaðstoð Borgarbyggðar, sjá meðfylgjandi drög. Bókun velferðarnefndar var eftirfarandi: Velferðarnefnd samþykkir þær breytingar sem lagðar eru til. Vísað til staðfestingar hjá sveitastjórn.

7. 2502310 - Kleppjárnareykir skólasvæði - breyting á deiliskipulagi

Afgreiðsla fundar skipulags- og byggingarnefndar nr. 74: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi með þeim breytingum sem ræddar voru á fundi til auglýsingar. Lagður var fram uppdráttur dags. 26.2.2025. Málsmeðferð verður samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Grenndarkynnt verður fyrir þeim aðilum sem hagsmuna eiga að gæta. Samþykkt samhljóða."

8. 2401101 - Fyrirspurn um heimild á nýtingu á landi - Ölduhryggur

Afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar frá fundi nr. 74: "Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar leggur til við sveitarstjórn að heimila Borgarverki tímabundna nýtingu á landi sem um ræðir fyrir geymslusvæði. Borgarverk vinnur nú að skipulagi og hönnun lóðar fyrirtækisins þar sem gert verður ráð fyrir að allt lausafé fyrirtækisins verði komið fyrir. Borgarverk skal skila svæðinu þrífalegu og vel frá gengnu. Nýtingu landsins skal vera lokið í síðasta lagi í lok árs 2026. Samþykkt samhljóða."

9. 2501077 - Hreðavatn 1-1021-32 1-10R - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar nr. 74: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja að grenndarkynna byggingarleyfin fyrir þeim aðilum sem hagsmuna eiga að gæta í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að undangengnu samþykki landeiganda. Ef frekari uppbygging á svæðinu eru áformuð skal liggja fyrir deiliskipulag fyrir svæðið. Samþykkt samhljóða. "

10. 2502076 - Stóru-Skógaland og Stóra-Gröf_Umsókn um stofnun lóða

Afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar nr. 74: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að staðfesta fyrir sitt leyti ofangreind landamerki þegar merkjalýsandi hefur afmarkað lóðina í landeignaskrá HMS og skilað inn undirrituðum gögnum til sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða."

11. 2310297 - Eskiholtsskógur L229352_Deiliskipulag

Afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar nr. 74: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur

til við sveitarstjórn að samþykkja framlagt deiliskipulag skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim breytingum sem gerðar voru með tilliti til umsagna og athugasemda sem bárust á kynningartíma en breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum. Samþykkt samhljóða."

12. 2502141 - Flesjustaðir_Umsókn um deiliskipulagsbreytingu

Afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar nr. 74 "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir eigendum sumarhúsanna Votiskógur 1, 2 og 4.

Sé frekari uppbygging fyrirhuguð telur nefndin að gera þurfi heildarendurskoðun á deiliskipulaginu þar sem það er unnið skv. eldri skipulagslögum.

Samþykkt samhljóða."

13. 2301040 - Stuttárbotnar - Húsafell 3 L134495 - Deiliskipulag

Afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar nr. 74: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja til auglýsingar tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Stuttárbotna í Húsafelli. Lagður er fram uppdráttur dags. 18.02.2025. Málsmeðferð verður samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða."

14. 2503043 - Vindorkugarður á Þorvaldsstöðum - Umsögn kynning matsáætlunar-SLS

Afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar nr. 74: "Skipulags- og byggingarnefnd felur skipulagsfulltrúa að fullvinna umsögn um kynningu á matsáætlun vegna vindorkugarðs á Þorvaldsstöðum í Borgarbyggð út frá þeim ábendingum og umræðum sem komu fram á fundinum og vísar til endanlegrar afgreiðslu hjá sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða."

15. 2301075 - Aðalskipulag - Endurskoðun - Vinnslutími

Afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar nr. 74: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja viðbrögð og svör við ábendingum og umsögnum sem bárust á kynningartíma vinnslutillögu endurskoðunar aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037.

Samþykkt DS og KRS.

2 sátu hjá EMJ og FA.

EMJ og FA bóka eftirfarandi: Því miður fór þessi liður fundarboðs framhjá okkur og gafst okkur því ekki nægur tími til að skoða gögnin nægilega vel til að taka afstöðu."

16. 2503047 - Íþróttasvæðið í Borgarnesi - óveruleg breyting á deiliskipulagi

Afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar nr. 74: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010. Breytingin á við um svo óveruleg frávik að hagsmunir nágretta skerðast í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarþ og innsýn.

Málsmeðferð verður skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og 3. mgr. 44. gr. sömu laga.

Samþykkt samhljóða."

Fundargerð

17. 2502015F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 698

- 17.1 2409326 - Fjölskyldunefnd Borgarbyggðar
- 17.2 2406235 - Upplýsingatækniumhverfi Borgarbyggðar - úttekt
- 17.3 2502096 - Afhendingaröryggi rafmagns í Borgarbyggð
- 17.4 2502074 - Gljúfurá, aðalfundur 2025.
- 17.5 2501012 - Samband ísl. sveitarfélaga - fundargerðir 2025

18. 2502018F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 699

- 18.1 2502128 - Umsókn um lóð - Ugluflöt 1-3
- 18.2 2502191 - Umsókn um lóð - Hrafnaföt 2, 4 og 6
- 18.3 2501129 - Uppbygging í Borgarbyggð - kynningar- og markaðsmál
- 18.4 2411093 - Verðfyrirspurn v. tjaldsvæða í Borgarnesi og Varmalandi
- 18.5 1912083 - Samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Bjargslandi
- 18.6 2502140 - Húsnæði fyrir slökkvilið á Hvanneyri
- 18.7 2502268 - Vegamál á Vesturlandi
- 18.8 2502286 - Íþróttastefna Borgarbyggðar
- 18.9 2502230 - Frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga
- 18.10 2412240 - Eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur í janúar 2025
- 18.11 2501012 - Samband ísl. sveitarfélaga - fundargerðir 2025
- 18.12 2502295 - Kjarasamningar við Kennarasamband Íslands 2025
- 18.13 2203194 - Félagsheimilið Þinghamar - Eignarsjóður

19. 2503001F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 700

- 19.1 2502077 - Þjónustukönnun Borgarbyggðar
- 19.2 2012005 - Innkaupareglur Borgarbyggðar
- 19.3 2503021 - Heimild til frestunar á greiðslu gatnagerðargjalda
- 19.4 2503027 - Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um ábyrgðarskiptingu
- 19.5 2502290 - Aðalfundur SSV 2025
- 19.6 2501012 - Samband ísl. sveitarfélaga - fundargerðir 2025
- 19.7 2312078 - Leikskólinn Hraunborg - Varmaland - Flutningur
- 19.8 2311047 - Fyrirspurn frá FSRE um áhuga Borgarbyggðar á lóðum innan Kleppjárnsreykja
- 19.9 2303105 - Fjölnota íþróttahús - Knattús

20. 2502009F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 75

- 20.1 2401233 - Snjómokstur í dreifbýli- Útboð 2025
- 20.2 2409221 - Umsóknir í styrkvegaskjóð 2025
- 20.3 2412078 - Samingar við refa- og minkaveiðimenn 2025

21. 2503007F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 158

- 21.1 2501057 - Trúnaðarbók 2025
- 21.2 1401005 - Reglur um fjárhagsaðstoð
- 21.3 2003205 - Notendaráð og samráðshópur í málefnum fatlaðs fólks
- 21.4 2503027 - Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um ábyrgðarskiptingu

22. 2503010F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 241

- 22.1 2501033 - Skóladagatöl fyrir leik-, grunn- og listaskóla Borgarbyggðar
- 22.2 2502023 - Starfsemi mótuneyta á Vesturlandi
- 22.3 2501038 - Staðan á framkvæmdum við grunnskóla Borgarbyggðar
- 22.4 2503022 - Sumarlokun Hnoðraból
- 22.5 2502286 - Íþróttastefna Borgarbyggðar
- 22.6 2501036 - Starfsemi frístundar í Borgarbyggð
- 22.7 2502306 - Vinnuskóli 2025
- 22.8 2502086 - Reglugerð um (6.) breytingu á reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum
- 22.9 2503008 - Sinfó í sundi ! - samfélagsgleði um allt land í lok ágúst

23. 2502004F - Umsjónarnefnd fólkvangsins í Einkunnum - 86

- 23.1 2502025 - Styrkmöguleikar
- 23.2 2502024 - Samstarf SB
- 23.3 2502036 - Heimsókn í Heiðmörk
- 23.4 2409072 - Rafmagnslögn að salernisaðstöðu við Álatjörn og Litlu-Einkunnir

23. 2502023F - Umsjónarnefnd fólkvangsins í Einkunnum - 87

- 23.1 2503046 - Þemakort fyrir Einkunnir
- 23.2 2502024 - Samstarf SB

11.03.2025

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslu.